



HÚNAÞING
VESTRA

VERKLAGSREGLUR SVEITARSTJÓRNAR VIÐ RÁÐNINGAR STARFSMANNA

Mars 2025

VERKLAGSREGLUR VIÐ RÁÐNINGAR

HÚNAÞING VESTRA

1. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitastjóra, sbr. 49. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra og 54. og 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra og staðfestir hann.

2. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í stjórnunarstöður hjá Húnaþingi vestra og veitir þeim lausn frá störfum, sbr. 52. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Þessi störf eru:

1. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.
2. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
3. Sviðsstjóri umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs.
4. Skólastjóri grunnskóla.
5. Skólastjóri leikskóla.
6. Skólastjóri tónlistarskóla.
7. Slökkviliðsstjóri.

3. gr.

Sveitarstjóri annast ráðningu annarra starfsmanna en þeirra sem greinir í 2. gr. að fenginni tillögu sviðsstjóra/forstöðumanna eftir því sem við á, nema á annan veg kunni að vera mælt í lögum, reglugerðum eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett. Sviðsstjórar/forstöðumenn annast undirbúning ráðningar annarra starfsmanna í samráði við sveitarstjóra.

Ef stofnuð er ný staða (fast starf) skal sveitarstjórn ákveða hvort um það fer skv. 2. eða 3. gr. starfsreglna þessara.

4. gr.

Heimild til ráðningar starfsmanna takmarkast af lögum eins og þau kunna að hljóða hverju sinni, samþykktum sveitarstjórnar og gildandi fjárhagsáætlun hverju sinni. Eigi skal ráðið í nýtt starf nema sveitarstjóri eða viðkomandi sviðsstjóri-forstöðumaður skili kostnaðaráætlun og greinargerð um starfið til sveitarstjóra vegna fjölgunar/aukningar á stöðugildum sem leggur erindið í framhaldinu til sveitarstjórnar til samþykktar eftir yfirferð á erindinu.

VERKLAGSREGLUR VIÐ RÁÐNINGAR

HÚNAÞING VESTRA

5. gr.

Að jafnaði skulu öll laus störf sem fastráðið er í hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess auglýst til umsóknar. Auglýst skal á þann hátt eða á þeim stað að nái til sem flestra íbúa sveitarfélagsins eða þess hóps sem auglýsingu er sérstaklega beint að. Allar ráðningar hjá sveitarfélaginu skulu byggja á hæfni, menntun og starfsreynslu. Einnig skal fylgja jafnréttisáætlun sveitarfélagsins við ráðningar og jafnræðis að öðru leyti í lagalegu tilliti. Heimilt er að ráða tímabundið í stöður þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í auglýsingu og að víkja frá auglýstu starfshlutfalli ef fyrir því liggja rík rök.

Ákvörðun um ráðningu í starf skal taka svo fljótt sem unnt er eftir að umsóknarfrestur er liðinn. Ef ljóst er að ákvörðun dregst ber að tilkynna umsækjendum um ástæður tafanna og hvenær niðurstöðu sé að vænta. Öllum umsækjendum skal svarað skriflega þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Umsóknir um störf, svarbréf og önnur gögn er varða ráðningar starfsmanna skulu varðveittar í skjala-vistunarkerfi sveitarfélagsins.

6. gr.

Sá sem fer með ráðningarvald skv. 2. – 4. gr. starfsreglna þessara skal leitast við að hafa samráð um ráðninguna við hlutaðeigandi yfirmenn þeirra stofnana, deilda eða fyrirtækja sem starfsmaður skal ráðinn til. Ráðningarvaldi skv. 1. – 4. gr. starfsreglna þessara fylgir vald til veitingar áminninga og uppsagnar starfs í samræmi við lög, kjara- og starfssamninga hverju sinni.

7. gr.

Þeir sem með ráðningarvald fara skulu gæta persónulegs hlutleysis í hvívetna við ákvarðanir skv. reglum þessum. Þeir skulu gæta trúnaðar og þagmælsku um upplýsingar og vitneskju um persónulega hagi umsækjenda og starfsmanna sem þeir kunna að komast yfir í tengslum við starf sitt. Hið sama gildir um þá sem hafa umsagnarrétt við ráðningu starfsmanna. Um ákvarðanir þeirra fer að öðru leyti að lögum og gildandi kjara- og starfssamningum.

VERKLAGSREGLUR VIÐ RÁÐNINGAR

HÚNAÞING VESTRA

8. gr.

Gerðir skulu skriflegir ráðningarsamningar við alla fastráðna starfsmenn við upphaf starfs þeirra og þeir varðveittir í skjalakerfi sveitarfélagsins.

9. gr.

Til að breyta starfsreglum þessum þarf samþykkt sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

10. gr.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á 1239. fundi byggðarráðs sem fram fór þann 3. mars 2025 og staðfestar af sveitarstjórn Húnaþings vestra á 389. fundi hennar sem fram fór þann 13. mars 2025. Reglurnar öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi eldri reglur sem tilgreindar voru í 4. gr. Mannauðsstefnu Húnaþings vestra frá 2020.

Verklagsreglur þessar eru settar með stoð í 5. tölul. 5. gr. samþykktu um stjórn Húnaþings vestra nr. 14/2024.



*Skjal þetta hefur vísan í
Heimsmarkmið Sameinuðu
þjóðanna nr. 10.*

